



## Faghópur II

### Fundargerðir 33. fundar

Orkustofnun 30. desember 2009 kl. 8:30-12:00.

**Mætt:** Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Friðrik Dagur Agnarsson, Guðni Guðbergsson, Ólafur Örn Haraldsson (kl. 9:30) Rögnvaldur Ólafsson og Sveinn Runólfsson.

**Fjarverandi:** Jóhannes Sveinbjörnsson.

**Gestir:** Einar Torfi Finnsson, Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, og Kári Kristjánsson, sérfræðingur hjá Vatnajökulspjóðgarði.

#### Fundarfrásögn:

- 1. Fundargerð.** Fundargerðir ekki teknar fyrir.
- 2. Mat.** Haldið var áfram matsvinnu þar sem frá var horfið í Gunnarsholti. Tekin voru fyrir eftirtalin svæði:
  - a. Kverkfjöll:
  - b. Askja
  - c. Blanda
  - d. Hvítá, Árnassýslu (Haukholtsvirkjun og Vörðufell)
- 3. Afmörkun matssvæða.** Í matsvinnu vegna virkjunarkosta í Hvítá neðan Gullfoss kom upp umræða um mikilvægi þess að skilgreina og afmarka þau svæði sem litið er til í matinu. Til þessa hafa að mestu verið metin svæði á hálandinu en þegar litið er til svæða á láglandi eru aðstæður og forsendur oft aðrar. Áhrifasvæði á láglandi eru í eðli sínu minni og þrengri heldur en hálandiskostir og kostir þar sem byggð er strjál. Fram kom tillaga um að matssvæði kosta á láglandi væru sýnd með brotalínum á korti.
- 4. Skilgreining svæða.** Ákveðið var að skilgreina svæði yfir Sprengisand, þ.m.t. Skjálfandafljót, Vonarskarð, Hágöngur og Skrokkölduvirkjun, og í Skagafirði (Skatastaðir og Villinganes). Rögnvaldur og Anna Dóra munu gera tillögur að afmörkun.
- 5. Kynningarfundur.** Ákveðið var að kalla til fulltrúa Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur á sérstakan kynningarfund þann 5. janúar þar þeir kynnavirkjunarkosti á þeirra forræði. Einnig verður fulltrúi LV beðinn um að gera grein fyrir áhrifum virkunarframkvæmda á helstu fossa í fallvötnum (t.d. Gullfoss, Dettifoss, Aldeyjarfoss og Dynk ).
- 6. Fundi slitið** kl. 12:00.